

Hugmyndabanki fyrir Orðaforðalistann

Orðaforðalistinn er hugsaður sem verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að styðjast við þegar efla á orðaforða barna. Orðaforðalistinn býður upp á fjölmarga notkunarmöguleika og eru notendur hvattir til að leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Til að styðja við fjölbreytta notkun listans var ákveðið að útbúa hugmyndabanka þar sem notendur geta sent inn upplýsingar um hvernig þeir nota hann og leitað sér að nýjum hugmyndum. Notendur eru hvattir til að senda okkur upplýsingar og myndir af því hvernig þeir nýta listann á netfangið postur@mms.is og munu þær birtast í hugmyndabankanum.

Munnleg vinna og frásögn:

- Börnin draga orð, þau rædd og útskýrð.
- Draga orð og ræða ólíka merkingu s.s. fiskur getur verið dýr, matur, leikfang.
- Taka tvö orð úr hverjum flokki, prenta orðin á blað. Börnin draga síðan eitt orð og ræða merkingu þess.
- Prenta út myndir úr Orðaforðalistanum sem tengjast orðflokknum sem verið er að vinna með og láta börnin búa til sögu út frá orðunum í viðkomandi flokki. Hægt að nota í stórum og smáum hópum og hafa myndina sýnilega eftir lesturinn og skapa þannig umræður.
- Nota orðin sem koma fyrir í daglegu tali í leikskólanum.
- Passa að setja orðin í mismunandi samhengi.
- Með eldri börnum er hægt að ræða um hvað eru lýsingarorð, sagnorð og nafnorð.
- Hægt að hafa þrjár skjóður með mismunandi orðflokkum, draga eitt orð úr hverjum flokki og búa til setningar, t.d. ég/þú, stór/lítill, augu/hendur – ég er með stór augu.
- Hafa orðaforðakassa með orðum og myndum uppi á vegg og skipta út reglulega. Vinna með það bæði í samverustundum og frjálsum leik. Vinna með ákveðna orðflokka hverju sinni, fyrsta stafinn og vangaveltur með stutt og löng orð. Ræða um merkingu orðanna/myndanna. Upplýsa foreldra um hvaða orð er verið að vinna með hverju sinni.
- Verkfæri fyrir starfsmann til að minna á að nota fjölbreyttan orðaforða og til að vinna nánar með orð. Til dæmis hvernig sum orð eru ekki alveg eins skiljanleg ein og sér eins og í setningu og hvernig merking orðs verður andstæða með því einu að bæta ó fyrir framan.
- Nota orðin til að búa til merkingarbærar setningar.
- Hafa þematengda vinnu með einn flokk í einu.
- Taka orð og/eða orðatiltæki og nota í eina viku í senn.




Leikir:

- Hægt er að draga orð úr orðaskjóðu og búa til alveg eins orð úr bókstöfum.
- Börnin geta leikið orðin sem snúa að tilfinningum og iðju.
- Búa til púsluspil úr tilfinningum.
- Fara í fjölbreytta leiki sem tengjast málörvun s.s. rímleiki, samstöfur, orðhlutaeyðingu, samsett orð, margræð orð, hlusta eftir hljóðum, para saman orð.
- Flöskustútur t.d. með líkamshlutum (bentu á nasir o.s.frv.).
- Látbragðsleikur t.d. með persónum.
- Samstæðuspil.
- Vinna með ákveðna orðflokka t.d. dýr og persónur, leika þau, heiti afkvæma, kyn, eintala/fleirtala.
- Fara í minnisleik með hluti úr Orðaforðalistanum.
- Draga orð upp úr orðaskjóðunni og tengja við mynd.
- Búa til leik þar sem börnin eiga að útskýra orðið án þess að nota orðið sjálft.
- Nota orð úr flokkunum og klappa/stappa/hoppa/raða kubbum eftir atkvæðum.
- Búa til hljóða-skrímsli þar sem hægt er að setja orð inn í. Orðin geta verið úr ákveðnum flokki eða orð sem byrja á ákveðnu hljóði. Hægt er að setja t.d. orð sem byrja á a og e, börnin draga síðan orðið úr hljóða-skrímslinu og flokka eftir hljóði.
- Hver flokkur er tekinn fyrir í tvær vikur í senn og orð/verkefni/bækur/umræður og leikir tengd þeim flokki höfð í huga í allri deildarvinnu. Sem dæmi má nefna þegar „Líkaminn“ er tekinn fyrir er unnið með söngva sem tengjast líkamanum s.s. Tilfinningablús og Höfuð, herðar, hné og tær. Bækur um líkamann eru lesnar, umræður um líkamshluta, lottóspil gert með líkamshlutum, í fataklefanum er rætt um á hvaða líkamshluta maður notar flikina og í vettvangsferðum er vakin athygli t.d. á heilsugæslustöð, líkamsræktarstöð, blóðbankanum o.s.frv.
- Einnig er hægt að nota upptalningu á þeim orðum sem tilheyra flokknum sem uppsprettu hugmynda.



Sjónrænt:

- Plasta heitin á matnum sem boðið er upp á í leikskólanum og geyma í skál; setja síðan viðeigandi orð á matarborðið þegar boðið er upp á matinn.
- Orðin úr Orðaforðalistanum prentuð og dreift um stofuna, t.d. orðin með fatnaði hengd upp í fataklefa o.s.frv. Gera orðin þannig sýnileg bæði fyrir börn og starfsfólk ásamt því að vekja forvitni barnanna á orðunum.
- Velja orð og tengja við athafnir.
- Prenta orðin út myndræn, sérstaklega fyrir yngri börnin, láta þau lýsa þeim, segja frá og búa til sögu út frá orðunum.
- Gera hugtakakort út frá ákveðnu orði s.s. strákur getur verið sonur, vinur, barn, barnabarn, leikfélagi, bróðir o.s.frv.
- Efla orðaforða og skilning með því að nota samverustundir til að taka fyrir orð og orðasambönd sem ekki koma fyrir dagsdaglega. Finna samheiti og/eða andheiti, skrifa þau niður og hafa sýnileg á vegg.
- Setja bókstaf upp á vegg og finna út með börnunum hvaða orð byrja á viðkomandi staf.
- Útbúa veggspjöld með myndum af orðunum í flokknum og hafa ritmálið sýnilegt fyrir neðan myndina. Hafa sýnilegt á veggjum leikskólans.
- Útbúa myndaspjald sem inniheldur t.d. dýr þar sem sjá má mynd af karldýri, kvendýri og afkvæmi, hafa síðan ritmálið með heitinu fyrir neðan.
- Hafa heiti á formum sýnileg á veggjum og myndir með, eða sem leikefni til að vinna með.
- Börnin látn teikna orðin.
- Útbúa plakat fyrir hvern orðflokk í Orðaforðalistanum og hengja upp á veggi leikskólans. Plakötunum er síðan skipt reglulega út.



Matur < 3 ára

fiskur soðinn fiskur plockfiskur fiskibollur kjöt kjúklingur kjötbollur pylsur pítsa spagetti pasta kartöflur franskur SÓSA grjónagrautur hafragrautur súpa gremmeti kál paprika agúrka **tómatar** gulrót rófa ávestir appelsína **epil** banani melóna kivi vínber jarðarber **avanas** pera brauð ristað brauð kex **smjör** ostur kæfa **skinka** mjólk ávaxtasafi **Valn** egg skyr jógaúrt **kaka** rúsinur **ÍS** tómatsósa **sulta** kaffi kók kakó morgunkorn

Matur < 6 ára

steiktur fiskur **salafiskur** ýsa þorskur **rekkur** kræklingur **grillað kjöt** hamborgari **píta** **slátur** **pepperoni** beikon kartöflumús salat krækiber **bláber** kirsuber sítróna **kókóshmeta** **SVEPPIR** blómkaí samloka **flatkaka** **rúgbrauð** rúnstykki **spælt egg** soðið egg **sinnep** lankur **steiktur lankur** **hrisgrjón** kanill **appelsínusafi** **morgunmatur** hádegismatur kvöldmatur **kaffitími**

Starfsfólk:

- Orðin klippt niður, prentuð út, plöstuð og sett í viðeigandi orðaskjóðu.
- Hægt að hafa orðaskjóðu fyrir hvern flokk.
- Orðaforðalistinn prentaður út og hengdur upp á deildum, í fataherbergi og á leiksvæðum barnanna. Starfsfólkið skoðar listana og nýtir sér orð af þeim til að geta markvisst gert málumhverfi barnanna ríkara.
- Orðaforðalistinn prentaður út, plastaður og gerð gormabók sem auðvelt er að grípa í og vinna með.
- Nota Orðaforðalistann sem gátlista yfir orðaforða barna.

Samstarf við foreldra:

- Senda heim upplýsingar um hvaða orð/orðflokka verið er að nota hverju sinni.
- Velja orð og hengja upp á vegg. Bæta síðan við orðum sem tengjast því orði í samstarfi við foreldra, t.d. orðum sem byrja á sama staf, fleiri orðum sem hafa jafn marga stafi, stuttum orðum/löngum orðum.
- Stafur vikunnar – foreldrar og börn koma með hugmyndir að orðum sem byrja á viðeigandi staf.
- Vinna með tvítyngdum börnum. Orð er tekið úr orðaforðalistanum og sent heim í stílabók þar sem foreldrarnir æfa orðið bæði á íslensku og móðurmálinu – bæði í leik- og grunnskóla.

